



Um 40 manns voru á fundinum sem skiptu sér niður á fjögur borð þar sem fjallað var um byggð og atvinnulíf, umhverfi, þjónustu og samfélag. Skipt var þrisvar um borð. Hér fyrir neðan eru teknar saman niðurstöður umræðna eftir málefnum:

Byggð og atvinnulíf

- Í lagi að þetta byggð ef það er í sátt og samlyndi við íbúa.
- Gefa ætti kost á meiri fjölbreytni í íbúðabyggð með að útbúa sumarbústaði með heilsársleyfi í upplandi Kópavogs eða við Heiðmörk.
- Bæjaryfirvöld ættu ekki að hafa heimild til að segja til um fegurðargildi bygginga.
- Uppbygging hefur orðið samhengislaus.
- Er endilega þörf fyrir meiri íbúðarbyggð? Á að vera markmið að stækka bæinn endalaust?
- Ekkert sótt á Smárasvæðið gangandi.
- Út með stórskipahöfn.
- Í Kópavogi er rekinn íbúafjandsamleg stefna þegar byggð er þétt.
- Ekki á að þetta byggð eða byggja ný svæði ef það er á kostnað lífsgæða þeirra sem fyrir eru.
- Of mikil áhersla á uppbyggingu í Smáranum.
- Kjarninn að mettast.
- Standa vörð um grænu svæðin.
- Komið nóg af háhýsa væðingu.
- Nú þegar búið að skipuleggja nóg fyrir næstu 10 ár.
- Bærinn hefur takmarkaða vaxtarmöguleika.
- Fara hægt í endurnýjun á gömlum svæðum.
- Miðbærinn er kominn í Smáran.
- Halda ætti samkeppni um Kópavogsdalinn og Svæðiskjarnann um lausn í skipulagsmálum en ekki viðhafa „bútasaums skipulag“.
- Auðbrekkuhverfið er lýti fyrir Kópavogsbæ og ætti að skipuleggja að nýju með nálægð Hamraborgar í huga.
- Valtað er yfir okkur af hálfu bæjaryfirvalda.
- Klára allt sem byrjað er á. Ekki fara í nýjar framkvæmdir fyrr en búið er að fullbyggja ókláruð svæði og hverfi.
- Fara varlega í að breyta gömlum grónum íbúasvæðum Kópavogs.
- Verslunar- og þjónustusvæði Hafnarfjarðar eru betri en þau í Kópavogi.
- Auglýsa betur breytingar á skipulagi.
- Leyfa vel kynntar breytingar sem ekki eru „bútasaumsbreytingar“.
- Vanda vel til opinberra bygging, kanna vel þörf þeirra. Byggð eru bæjarhús sem ekki er þörf á t.d. Molinn.
- Miðbær Kópavogs (svæðiskjarninn) er hraðbrautamiðbær.
- Nónhæð á að verða grænt svæði.
- Í lagi að fá opinbera stofnun á Nónhæð.
- Gott væri að sjá menningarsvæði niður við Kópavogshöfn.
- Billinn er settur of mikið í háseti við skipulagsvinnu.
- Bæjarbúum er ekki sagt frá umferðarúrbótum. Vissu ekki af undirgöngum við Lindir IV fyrr en löngu seinna.
- Of mikil samkeppni í verslunarkjörnum myndi líklegast ganga frá búðum sem fyrir eru.

- Ekki ánægja með Nónhæðarhverfi.
- Framsettar hugmyndir á Kársnesi mjög góðar.
- Vantar upp á íbúasamsetningu.
- Gott væri að fá samgöngumiðstöð í Smárann.
- Gefa ætti kost á minni sérbylum fyrir fjölskyldur sem byggja í fyrsta skipti. sbr. Vogatunguhúsin. Möguleika að stækka húsin þegar fjölskyldan stækkar og síðan að leigja eða selja þegar fjölskylda minnkar aftur.
- Taka ætti betur tillit til veðurfars (vinda og kulda) við skipulagningu íbúahverfa og verslunarhverfa.
- Opinberar byggingar og lóðir þeirra ættu að leggja meiri áherslu á gróður. Mýkir umhverfið.
- Í turnum ættu fleiri bílastæði að vera í niðurgrofnum bílageymslum.
- Bærinn ætti að bjóða uppá minni hús ca. 150 m² með bílageymslu fyrir ungt fólk.
- Fylgja settum stefnum í skipulagsmálum
- Lágreist byggð ekki turna
- Ekki fleiri háhýsi
- Ekki áhersla á endalausa stækkun bæjarins – ná utan um það sem er í vinnslu núna
- Íbúalyðræði – ekki láta lóðarhafa stjórna skipulagsmálum. Þeir eru ekki kosnir af neinum!
- Ekki byggja á Nónhæð
- Jákvætt að ekki var byggð ópera!
- Gera Glaðheimasvæðið grænt á meðan beðið er eftir byggingum
- Kópavogur er ekki miðja höfuðborgarsvæðisins, því á að byggja lág hús
- Skipulag þannig að íbúar þurfi ekki að vakta hvað verið er að gera. Verja rétt sinn og íbúðasvæði
- Auglýsa á háannatíma ekki á sumartíma
- Ekki má þetta byggð þannig að þeir sem fyrir eru missi það sem var á skipulagi þegar fólk valdi sér búsetu
- Athafnsvæði sem eru orðin dauf – e.t.v. jákvætt að setja inn íbúðabyggð
- Kveðja verktakaskipulag
- Kópavogur verður að fá nýjan miðbæ þar sem fólk vill vera
- Hanna verslunar- og þjónustusvæði með aðgengi í huga og mannlegt samfélag
- Passa að hættuleg mannvirki séu ekki staðsett nálægt skólum – leikskólum. Bensínlóð/Leikskóli
- Verktaki sem tekur áhættu á ekki að fá meira vægi en íbúar í grónum hverfum
- Ekki íbúalyðræði í Kópavogi
- Deiliskipulag, aðalskipulag sem er í gildi sé virt. Íbúar þurfi ekki að hlíta því að öllu sé raskað
- Ásýnd bæjarins, heildstætt skipulag
- Ekki þörf á að fjölga íbúum meira en orðið er nema þess sé gætt að það verði ekki á kostnað lífsgæða
- Zinkstöðina burt. Svæðið þar í kring er svartur blettur á hverfinu og bæjarfélaginu til lítils sóma
- Væri ekki ráð að gera Kópavogshöfn að lystibátahöfn með tilheyrandi skemmtilegri starfsemi?
- Breytingar á deiliskipulagi gangi sem minnst á þau gæði sem skipta íbúa máli.
- Nóg komið af uppbyggingu á Smárasvæði og Glaðheimasvæði
- Reitaskipulag úr sögunni. Heildstætt skipulag sem gefur Kópavogi yfirbragð traustrar skipulagsstjórnar
- Ekki stórskipahöfn heldur smábátahöfn
- Lág hús eru kostur frekar en há hús. Há hús með lítinn grunnflöt og stór bílastæði, frekar lág og fleiri hús.

- Lágrest byggð og halda grænum svæðum. Það þarf ekki að þetta byggð frekar. Nýta fyrst þau svæði sem þegar hafa verið byggð.
- Hverfi með 160m² húsi á einni hæð með bílskúr við hliðina þannig að þú getir búið þar sem ungur og sem gamall.
- Ekki háar byggingar – skuggamyndun verður að skoða vel – vindaálag
- Ný samgöngumiðstöð í Smáralindarkjarnanum
- Ekki þétting byggðar á uppfyllingum – Halda grænum svæðum
- Höfn! Smábáta/frístundahöfn
- Samkeppni um miðju höfuðborgarsvæðisins „Kópavogsdalinn“ „Ekki slys eins og bletta skipulag“ „Samhengi vantar“
- Vantar fleiri sundlaugar í Kópavog
- Tengja Kársnes við Reykjavík með hjólabrú
- Heildarskipulag – ekki bútaskipulag – vistvænt skipulag
- Hlúa að nærþjónustu í íbúðahverfum
- Bærinn hafi metnað fyrir eigin byggingum ekki síst útlitslega
- Kjarninn er að mettast af bílum
- Bútasamur án heildarsýnar skapar kraðak og tilfinningu um óvönduð vinnubrögð
- Þétting byggðar, þurfum að líta til Skandinavíu: 5-6 hæðir í lengjum/römmum með grassvæðum eins og Reykjavík var byggð í den.
- Hvaða annað hlutverk er hægt að finna fyrir hafnarmannvirkin á Kársnesi
- Réttur íbúa sem fyrir eru við þéttingu byggðar
- Bitur reynsla. Bæjaryfirvöld ætluðu að valta yfir svæðið og ekki fara eftir gildandi skipulagi. Nónhæðin. Hvernig eigum við að treysta því að bæjaryfirvöld vinni eftir bæjarskipulaginu sem er gilt.
- Viljum geta treyst skipulaginu.
- Verktakar eiga ekki ógagnrýnið að fá að ráða ferðinni í skipulagsmálum.

Umhverfi:

- Ómanneskjulega skipulagt í kringum Smáralind, að það sé ekki mögulegt fyrir gangandi manneskju að komast frá Lindum, Smáralind og Smáratorgi.
- Hugsum of Amerískt. Þurfum að hugsa minna út frá einkabílum. Bærinn gæti gert tvennt. Auka trjáplöntun meðfram götum. Mætti setja tré milli akreina. Dempar umferðarhljóðin, bætir loftslag.
- Þegar gengið er frá svæðum við umferðareyjur og hringtorg. Þurfum að vanda okkur. Vanda vinnubrögðin. Nostra meira við þetta. Eins og í Síberíu, vantar allt nóstur, og fegurð. Okkur myndi líða betur í bæ þar sem er meiri trjágróður.
- Á sumrin gera krakkarnir bæinn mjög fallegan. Á haustin fýkur drasl út um allt. Væri hægt að vera duglegri (við íbúarnir) að halda hverfinu, lóðum okkar við. Tína ruslið. Ekki einblína bara á sumrin. Notu veturnar líka til að halda umhverfinu við.
- Kort af Kópavogi, mjög mikið grænt. En hversu mikið er nýtilegt fyrir fjölskyldur? Þarf meiri opin leiksvæði, boltavelli, sparkvelli, líkamsræktartæki fyrir fullorðna, grillsvæði. Fullt af grænum svæðum, en eru kannski ekki nýtileg fyrir annað en göngu.
- Umhverfisátak. Núna er andrúmsloftið til þess. Lítið mál þegar maður byrjar. Almenn umhverfisátak. Vekja fólk til umhugsunar. Frumkvæði, halda vel utan um það, setja þetta í ákveðinn búning.
- Umhverfismál. Skaffa hjól. Stígakerfið. Við sem vinnum innanbæjar eigum að geta nýtt önnur tæki en einkabílinn.
- Vistvænn bær. Það að séu græn svæði í nærumhverfi og flestir geti gengið í þá þjónustu sem þeir þurfa, en ekki alltaf að fara í bíl.

- Bensinstöð við leikskólann á Nónhæð verði fjarlægð
- Þarf að gera eitthvað við Hálsatorg. Lítur út fyrir að vera bílastæði.
- Mörg svæði vel gerð og hægt að vera stoltur af.
- Íbúarnir skapa það líf sem er í bænum og skapa hann.
- Ásýnd bæjarins verði heilstæð. Reitaskipulag úr sögunni og yfirbragð samræmt.
- Virða rétt þeirra sem hafa valið sér búsetu til þess umhverfis sem fyrir er.
- Meiri gróður t.d. á milli akgreina við Smáralind
- Greniskóg í kring um leikskólann Arnarsmára
- Trjágróður á opin svæði sbr. verslunar- og þjónustusvæði í Holta- og Hlíðarsmáranum sem er afsþyrnu ljótt og vindasamt.
- Gróður gerir umhverfi hlýlegra og hækkar hitastig
- Mikilvægt að nota gróður til að skapa skjól.

Útivistarsvæði

- Halda í grænu svæðin, ekki byggja hátt á þeim svæðum sem eftir eru í Smárahverfinu.
- Tengja grænu svæðin saman og halda þeim. Það verður verðmætast fyrir okkur í framtíðinni, að hafa rými í kringum okkur frekar en byggingar út um allt.
- Lýsingin léleg við göngustíginn við Kópavogslækinn. Fleiri luktir í kringum Digraneskirkju. Um leið og dimmir þá hætta fólk að nýta þetta, út af lýsingunni.
- Vernda Nónhæðina. Útivistarhús og Búddahof.
- Kirkjuholtið má ekki ganga meira á.
- Tryggt að menn hafi aðgang að svæði til útivistar og það sé tryggt. Hvar eru þessi svæði, og hvað eru þau stór miðað við fjölda. Eins og okkar hverfi. Þið hafið Kópavogsdalinn og brekkuna niður í Kópavogsdalinn.
- Viljum taka þátt í gróðursetningu á Nónhæð.
- Skilgreina íþróttasvæði öðruvísi. Almenningsíþróttir.
- Óspillt og óhönnuð svæði eru líka góð.
- Selhryggurinn frábært svæði. Því það er ekki búið að setja rólur eða sandkassa
- Passa upp á að það séu ennþá græn svæði. Heildstætt skipulag þar sem er göngustígakerfi á milli grænu svæðanna..
- Varlega í þéttingu byggðar, því hún tekur oft af grænum svæðum.
- Vernda svæðið í kringum Kópavogskirkju.
- Friðlýsa móana okkar.
- Opin svæði haldist þá opin svæði og þau skipulögð sem slík.
- Geyma Nónhæð til sérstakra nota t.d. bygging sem mun þjóna öllum íbúum. Útsýnisstaður og kennileyti í Kópavogi.
- Svæðið hjá Náttúrustofu Kópavogs- Bókasafninu og Listasafninu verði garður og áfram þúttvöllur, jafnvel friðlýst og fylgi Borgarholtinu.
- Má ekki of skipuleggja, óspillt svæði eru nauðsynleg og græn svæði með tengingum á milli með göngustígum.
- Opin svæði til sérstakra nota séu ekki tekin undir þetta byggð
- Útivist þarf að vera grunnur í skipulagi
- Óspillt og óhönnuð útivistarsvæði verði verðmæt fyrir börn
- Tryggja næg útivistarsvæði í nærumhverfi
- Vantar græn svæði með fleiri úrræðum s.s. líkamsræktar,- grill,- og skjóllundir og leiksvæði fyrir alla aldurshópa.
- Nónhæð, að náttúruvætti þar verði virt
- Vantar mörk á grasvöll við Hlíðardalsveg milli Köldu- og Jöklalindar á sumrin

- Í Smárahverfi vantar útivistarsvæði fyrir börnin og eldra fólk. Nónhæð verður að fá að vera grænt svæði.
- Grillaðstaða í hverfum
- Vantar aktív svæði - grænu svæðin góð fyrir göngu- og hjólaferðir en lítið annað
- Nónhæð, grænt svæði, hvar eru græn svæði í Kópavogi?
- Standa vörð um grænu svæðin, ekki byggja á þeim!
- Fleiri græn svæði
- Kópavogsdalur var ekki hugsaður fyrir 20 árum eins og hann er hugsaður í dag.
- Ganga ekki um of á græn svæði
- Lýsing á göngusvæðum á vef Kópavogsbæjar
- Ekki breyta grænum svæðum án breytinga í aðalskipulagi

Elliðavatn, Guðmundarlundur og upplandið:

- Upplöndin? Á að nýta það svæði sem enn er óbyggt. Lækjarbotnar. Á bara að vera útivistarsvæði. Of nálægt Reykjavík til að vera sumarbústaðasvæði. Yrði bara íbúðabyggð. Halda þessu sem útivistarsvæði.
- Upplöndin. Passa okkur að klúðra því svæði ekki. Hafa það ósnert.
- Halda áfram skógrækt uppi í Guðmundarlundi. Og bæta aðstöðuna þar. Þarf að stækka og halda áfram þar. Bæta aðgengið að honum. Komast þangað gangandi og hjólandi. Engar gönguleiðir þarna uppeftir. Reiðstígar, en engar aðrar leiðir.
- Vernda Elliðavatn eins og hægt er. Passa að það sé hægt að ganga í kringum vatnið um aldur og æfi.
- Ekki hrifinn af því að stígur við Elliðavatn verði malbikaður og alls ekki upplýstur. Sjarmi og gildi í því að hafa ekki of auðvelt aðgengi. Fuglinn hörfar þegar of mikil uppbygging er á annars ósnortnu svæði. Eigum að lifa í sátt við þetta, en það eru forréttindi að hafa villta náttúru þarna. Ekki er hægt að skoða stjörnuþjartan himinn með upplýstum stíg.
- Fólk fer frekar upp í Heiðmörk en í Guðmundarlund, það er út af aðgengi.
- Umhverfi Elliðavatns, vernda það. En góðan göngustíg í kringum vatnið. Götukerfið í kringum vatnið og flókið.
- Gata að lífríki við Elliðavatn, fara varlega í stígagerð
- Bærinn á ekki alltaf að gera allt. Við íbúar erum ekki stikkfrí. Snyrtilegt umhverfi er líka byggt á hugarfari okkar íbúanna.
- Íbúar fái að taka þátt í gróðursetningu á Nónhæð í samræmi við nügildandi aðalskipulag
- Gróðursetja meira af trjám við vegi og milli akgreina
- Vernda umhverfi Elliðavatns

Stígar:

- Þarf að passa upp á gönguleiðir í gegnum Reykjanesbrautina. Ekkert skipulagt fyrir gangandi fólk. Tengja saman Kársnesið og gönguleiðir milli hverfa. Upp á Nónhæðina.
- Vantar tengingu á norðanverðu Kársnesi við stíginn sem er á sunnanverðu Kársnesi. Maður tynist vestast á nesinu. Vantar leiðbeiningar. Mjög flottir bútar, en svo rofna þeir. Ná ekki heildartengingu.
- Breyta reiðstíg í göngustíg yfir Selhrygg. Brú yfir Reykjanesbraut. Ekki undirgöng.
- Vantar tengingu milli hverfa. Yfir Reykjanesbraut. Mannvirkin gera ekki ráð fyrir gangandi vegfarendum.
- Göngustígar þurfa að vera aðskildir götu. Hjólastígar og göngustígar saman.
- Þurfa að vera til göngustígakort svipað eins og með strætó. Þarf að geta farið á netið og séð hvar göngustígar eru frá a til b. Og hjólastígar líka.
- Má ekki setja hálfhringsgönguleið utan um göngubrúna, við Garðabæjarhringtorgið.

- Fólk strandar á mörgum stöðum og kemst ekki yfir Reykjanesbrautina.
- Illa merkt, göngustígar og leiðir. Vantar herslumuninn við örfáar tengingar.
- Undirgöng við Byko ekki merkt. Eins og við erum með akstursleiðir merkar, þá þurfa stígar og undirgöng að vera merkt.
- Söfnunargildi í tengingaleysinu við Seljahverfið en það er nauðsynlegt að tengja Linda- og Salahverfi betur við Seljahverfi í Reykjavík.
- Vantar leiðbeiningar fyrir gangandi – vegvísa.
- Heilstætt gönguleiðakort. Taka þær gönguleiðir sem eru og tengja saman. Byggja brýr yfir Reykjanesbraut
- Vantar gönguleiðir milli Smára og Nónhæðar yfir í Lindir
- Göngustígar eru víða orðnir mjög lúnir, hafa látið mjög á sjá
- Gæta að samfellu útivistarsvæða og gönguleiða á milli þeirra
- Öruggeri tengingar á milli hverfa svo börn geti hjólað milli t.d. íþróttasvæða og íbúðasvæða, án þess að fara yfir umferðaræð.
- Fara í að finna lausnir til þess að Reykjanesbrautin verði ekki sá farartálmi sem stefnir í.
- Gönguleiðir: styrkja tengingu milli hverfa. Fá gönguleiðir sem eru ekki ofan í umferð. Hjólastígar og göngustígar séu með í öllu skipulagi.
- Samfelldan hjólastíg úr Garðabæ yfir Nónhæð og yfir til Reykjavíkur.
- Vantar merkingar á göngustíga sem segja til um hvert þeir liggja og hversu langir þeir eru.
- Gönguleiðakort verði gert í tengslum við breytingu aðalskipulags 2008-2020.
- Við viljum komast frá Kársnesi og upp að Elliðavatni á göngustígum. Leiðin yrði upp á Nónhæð, ofan Hæðarsmára, ný göngubrú yfir Reykjanesbraut, yfir Glaðheimasvæði og upp í Guðmundarlund og upp úr.
- Það vantar fleiri göngustígatengingar milli Lindahverfis og Smára, undir eða yfir Reykjanesbraut.
- Ekki er gert ráð fyrir gangandi vegfarendum frá Nónhæð og yfir í fiskbúðina t.d. í Hlíðasmára og aðrar verslanir. Maður þarf þar að auki að renna sér fótskriðu niður grasivaxna brekku – tröppur væru til bóta og göngubraut yfir Smárahvammsveginn.
- Það vantar samfelldan göngu- og hjólastíg meðfram Reykjanesbraut og Hafnarfjarðarvegi, Garðabær til Reykjavíkur.
- Tengja saman þjónustu og hjólastíga (hjólastígar henti til að sækja þjónustu í bænum).
- Það er ekki auðvelt fyrir börnum að fara á hjólum niður í dal í íþróttir.
- Göng undir Arnarnesveg (fyrir hjólandi og gangandi), meðfram Hafnarfjarðarvegi.
- Vantar betri lýsingu á stíga.
- Stígar eru orðnir mishæðóttir og öldóttir.
- Reykjanesbraut er farartálmi – þarf að gera eitthvað til að gangandi og hjólandi komist yfir.
- Þarf að sinna stígum betur á vetrum, salta/sanda, t.d. stíga niðri í dalnum.
- Stígar tengi betur græn svæði í bænum, þannig að fólk komist bæinn á enda gangandi og hjólandi.
- Hjólastígar í bænum virka ekki sem samgöngutæki – þarf að breyta uppbyggingunni á þeim.
- Kópavogur ætti að vera leiðandi í að hjólastígar virki sem samgöngutæki.
- Það vantar tengingu hjólastíga úti á Kársnesi (í gegnum iðnaðarhverfið).
- Í gömlu hverfunum eru ekki hjólastígar – ákveðið vandamál.
- Merkja raunverulegar göngu- og hjólaleiðir í bænum.
- Merkingar- gönguleiðir – göngustígar – götur
- Börnin þurfa að komast á milli hverfa á öruggan hátt t.d. stóru fótboltahallarinnar og sundlaugar o.fl.
- Tengingar gangandi milli íbúðabyggðar og atvinnu

- Merkja gönguleiðir milli hverfa mun betur
- Tengingar milli grænna svæða verði tekin upp
- Tengingar göngustíga um allan Kópavog. Gönguleið frá Kópavogsdal upp á Nónhæð yfir á Glaðheimasvæðið og upp í Guðmundarlund.

Samgöngur:

- Umferðin við Smáralind. Þarf að finna leiðir til að létta á því, bæði fyrir íbúa að komast frá og til.
- Umferðarniður frá Reykjanesbrautinni allt of mikill. Eykst með Glaðheimasvæðinu.
- Ekki gert ráð fyrir svona mikilli umferð á þessum götum og svo á Glaðheimasvæðið eftir að bætast við.
- Skipulag gatna, stíga og hverfa er mjög stórt atriði.
- Götur farartálmi. Kringum Smáralind, gangandi yfir í Smáralind er nánast ekki hægt. Undirgöngin eru ofan í umferðinni. Ekki hlíf allsstaðar. Þau eru ekki merkt. Þeir sem þekkja ekki staðhætti vita yfirhöfuð ekki að þau séu þarna. Hættuleg göng.
- Fækka hraðahindrunum á Digranesveginum.
- Manni bregður við þessar brjálæðislegu umferðaræðar sem kljúfa bæinn. Getur ekki verið vistvænt. Íbúar verða að geta gengið á milli hverfa.
- Aðgengi bíla við Smáralind, Smáratorg er mjög ábótavant, ekki gert ráð fyrir bílum
- Tvöföldun Fífuhammsvegjar frá Lindavegi upp í Salahverfi sem allra fyrst.
- Umhverfissvæna bíla (fyrir sveitarfélagið), bíla undir 100g CO₂.
- Samgöngur verði skilgreindar bílar, reiðhjól, gangandi o.fl. (ekki bara bílar).
- Fólk á að geta komist leiðar sinnar hjólandi, gangandi, akandi. Samræmt skipulag sé gert. Reykjanesbrautin verði ekki farartálmi.
- Fá Arnarnesveg sem allra fyrst.
- Mikil hljóðmengun af Reykjanesbraut fyrir neðstu byggð í Lindahverfi, Múlalind til og með Kaldalind. Úrbætur sem fyrst.
- Mikið umferðaröngþveiti í kringum Smáralind og það fæli fólk frá að versla í sinni heimabyggð.
- Óskýrt gatnakerfi í kringum heilsugæsluna. Auk þess er aðgengi þar ekki gott og vantar betri merkingar.
- Tryggja að öll almenn þjónusta sé innan hverfis og fólk þurfi minna að fara milli hverfa til að leita eftir henni – auðveldara fyrir fólk.
- Það væri hægt að gera vistgötur í Nónhæð.
- Gangandi íbúar settir í forgang ekki akandi umferð

Almenningssamgöngur:

- Þurfa að vera góðar almenningssamgöngur - minni vagnar, fleiri/tíðari ferðir, athvarf fyrir farþega á skiptistöðvum, betri tengingar milli leiða.
- Hraðileg slysaþjónusta sem „skiptistöðin“ við Hálsatorg er. Vagnar eru á götunni við bókasafnið og gangbrautir og léleg aðstaða.
- Rafmagnsstrætó
- Frítt í strætó innan svæðis (sveitarfélagsins).
- Biðskýli uppi á Hálsi (þegar komið er úr vagni nr. 2 frá Smárahverfi).
- Að hugsa strætó þjónustu út frá nærþjónustu og samgöngur milli fjarlægari svæða (þ.e. tvöfalt þjónustukerfi hjá strætó a) strætó innan bæjar/hverfa, til að komast í nærþjónustu innan Kópavogs og b) strætó sem fer hratt lengri leiðir í önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu).
- Strætisvagnsamgöngur innan Kópavogs ættu að vera fríar, sem þjónusta fyrir íbúana eða kosta mjög lítið.
- Hætta að hugsa um að almenningssamgöngur skili hagnaði. Þess í stað miða að tíðari ferðum svo bílaumferðin minnki og minna pláss þurfi undir bílastæði.

- Leið 2 fari í miðbæ Reykjavíkur eins og allar hinar hraðleiðirnar.
- Almennings­samgöngur eru ónýtar í dag – fyrir breytingar notuðu börn strætó en ekki lengur.
- Það þarf að vera þéttara net í strætó kerfinu, það er of langt á stoppistöðvar.
- Það vantar betri tengingu almennings­samgangna við íþróttir, bæði fyrir börn og eldri borgara.
- Það sé ókeypis í strætó innan Kópavogs á vissum tímum dags.
- Tíðari ferðir strætó.
- Notkun strætó hlýtur að vaxa með tímanum.
- Þarf að hugsa Strætó meira út frá öðrum svæðum en Hamraborg, hugsa út frá öðru miðsvæði austar í bænum.
- Vantar leiðarlýsingar í strætó, m.a. vegna þess að bílstjórar eru oft lítt talandi á íslensku og geta ekki útskýrt nákvæmlega fyrir farþegum.
- Bærinn er langur og mjór, það hefur áhrif á almennings­samgöngurnar og möguleika þar. Hvert sveitarfélag er sem eyland í samgöngunum og kerfið er ekki hugsað sem heild
- Spurning hvort eru nógu margir íbúar til að ferðir geti verið nógu tíðar.
- Ferðir milli staða með strætó taka of langan tíma, t.d. úr Kópavogi í Hafnarfjörð.
- Markmiðið ætti að vera að fólk geti komist allra sinna ferða með strætó. En hingað til hefur það alltaf verið töluvert mál.
- Gjaldfrjálst í strætó myndi breyta notkun – auka hana. Það er langtímamarkmið – 10-15 ár, að auka notkun, ala upp nýja notendur.
- Gæta betur hagsmuna bæjarins innan Strætó bs.
- Miðstöð fyrir Strætó, bættar almennings­samgöngur

Sorpförgun:

- Sorpmál eru í fínu lagi á Nónhæð – hvet til að alls staðar verði tekin upp sama endurvinnslustefna.
- Sorpflokkun – Finna lausnir fyrir fjölbýlishúsin. Flokkun er það sem koma skal í öllum Kópavogi.
- Bærinn marki heildarstefnu í sorpmálum m.t.t. heildarkostnaðar heimila og bæjar.
- Flokkun sorps – reynsla mjög góð.
- Fínt fyrirkomulag í sorpmálum í Nónhæð, ánægðir íbúar.
- Kostur að stefna að þriggja tunnu leið í bæjarfélaginu.
- Ánægður íbúi í Nónhæð hvetur til að taka upp þriggja tunnu leiðina alls staðar í Kópavogi.
- Það vantar að verslanir í bænum gangi í takt við íbúana, hvað varðar úrgangsmál, s.s. að minnka umbúðir o.fl.
- Sorpa, Dalvegi – mjög gott fyrirkomulag þar.
- Nónhæð, alveg frábært fyrirkomulag, fín og góð lausn. Þarf að huga að plássi fyrir 3 tonnur við hús í hönnun þeirra.
- Blokk í Nónhæð – mikil sorplykt og flugur. Illa undirbúið verkefni.
- Hugmyndin um 3 tonnur er góð, en útfærslan er erfið í fjölbýli.
- Það vantar betri leiðbeiningar í þriggja tunnu leið, hvað má fara hvar.
- Sorpflokkunin hefur aukið samskipti milli fólks í götunni – fólk að fá upplýsingar hjá hvert öðru um hvernig skuli flokka.

Fjarskipti:

Veitur:

- Allar raflínur í jörð – hugsa um fólk og umhverfið umfram peninga.
- Óhreint heitt vatn í Lindahverfi.

Annað:

- Stefna að því að verða umhverfsvottað samfélag!
- Nýjan almennilegan miðbæ.
- 17. júní hátíðahöld – vantar kort af hvar viðburðir/dagskráratríði eru. Gert ráð fyrir að fólk viti hvar ákveðnir staðir eru (t.d. Rútstún) en illmögulegt að finna á korti hvar það er, fyrir þá sem ekki þekkja til.
- Þarf að hugsa um efni sem skólar og önnur mannvirki í eigu Kópavogs eru byggð úr. Dæmi: Salaskóli, utan á skólanum er zink, sem er ekki gott þar sem börn eru.
- Getur Kópavogur ekki orðið grænni? Tekið upp hjá sér að bæta sig, s.s. með umhverfsvænni bílum (vetni, metan, rafmagnsbílar, bílar sem menga minna o.s.frv.), auk annarra atriða.
- Sorppokar (fyrir lífrænan úrgang) allt of dýrir.
- Orðatiltæki frá Kenýa: Þú hefur ekki fengið landið til eignar frá foreldrum þínum, þú hefur það að láni frá börnunum þínum.
- Samvinna við nágrannasveitarfélög en ekki samkeppni

Mengun:

- Almenn mengun, hávaði, loftmengun.
- Bílamál og mengun, þarf almenna vakningu fyrir Íslendinga. Ekki bara í Kópavogi.
- Hljóðvist. Við erum búin að móta þá stefnu að byggja þétt við stofnbrautir en við þurfum betri mótvægisáðgerðir s.s. manir og veggir. Garðabær höndlar þetta betur. Þarf að vera mikilvægara að það sé gott að búa í hverfinu en að það sé fallett að keyra í gegnum stofnbrautina.
- Að hljóðmanir virki og séu ekki ljótar
- Gera átak í hljóðmönnum við stofnbrautir
- Heildrænt skipulag umhverfismála þegar verið er að skipuleggja ný svæði með tilliti til mengunar (Hljóð, ryk og loftmengun)
- Bæta hljóðvist við stofnbrautir
- Í stað hljóðvistar þá ætti að gilda „mengun“ almennt!

Tómstundir og íþróttir

- Æskilegt að börn þurfi ekki að fara í önnur sveitarfélög til þess að stunda ákveðnar íþróttagreinar eins og t.d. badminton.
- Spurning hvort ekki sé kominn tími til þess að stofna íþróttabandalag í Kópavogi til þess að halda utan um íþróttastarfið í víðara samhengi.
- Það þarf líka að sinna þeim sem ekki eru að nýta sér íþróttahallirnar. Þörf er á því að skipuleggja tómstundir fyrir aðra en börn og unglinga. Sem nýtist öðru fólki t.d. gönguferðir um nágrenni hverfanna sem gæti verið í boði einu sinni í viku. Sama gildir um hjólaferðir. Nýta má betur göngustígakerfið í þessu samhengi. Mætti lýsa upp göngustígana.
- Þau íþróttahús sem byggð eru við skólana þurfa að vera með löglega íþróttavelli
- Börn sem eru í tómstundum í Reykjavík t.d. í tónlistarnámi fá ekki niðurgreiðslu. Því þarf að breyta.
- Sundlaugar í Kópavogi mættu opna fyrir á morgnana.
- Kennslulaug í Kórnum á að geta nýst vel fyrir skólana.
- Íþróttafélögin eru að vinna frábært starf í Kópavogi.
- Góð aðstaða er fyrir skipulagðar íþróttir. Vantar íþróttaaðstöðu fyrir almenning þar sem fólk getur komið og spilað án þess að vera í íþróttafélögum. Hafa opið húsnæði sem hægt er að nýta án endurgjalds í óskipulagðri íþróttastarfsemi.

- Gefa þarf fólki kost á ókeypis aðgangi í nokkra tíma til að prófa hvort ákveðin íþrótt henti og höfði til einstaklingsins.
- Er nýting íþróttahúsanna nægjanlega góð?
- Á þeim opnu svæðum sem eru í Kópavogi er lítið annað hægt að gera en spila fótbolta. Á þessum svæðum þurfa að vera fleiri möguleika s.s. lyftingatæki og grillaðstaða.
- Sparkvellingur þurfa að vera fleiri og aðgengilegir fyrir almenning að spila bæði fyrir börn og fullorðna.
- Tónlistarskólinn nær ekki að sinna öllum börnum sem áhuga hafa á tónlistarnámi. Við þurfum að byggja upp betri innri þjónustu í bænum varðandi listnám, þannig að börn þurfi ekki að fara í önnur sveitarfélög til þess að stunda sitt listnám.
- Ósamræmi er í þjónustu milli hverfa varðandi listnám. Sumstaðar er þjónusta í skólunum annars staðar þarf að sækja þjónustuna lengra. Skólastjórar þurfa að sýna frumkvæðið á þessu sviði.
- Tímstundir barna og unglunga - áhersla á að byggja upp innri þjónustu bæjarins - meiri áhersla á tónlistir, spil, dans, leiklist o.s.fr.
- Jafna þjónustu fyrir íbúa t.d. forskóli barna og hjá tónlistarskóla. Ekki í boði í öllum grunnskólum
- Sundlaug í Fossvogsdal í samvinnu við RVK.
- Mentor verði aðgengilegur fyrir íþróttafélögin
- Nýtt íþróttahús með löglegan keppnisvöll við Vatnsendaskóla sem fyrst.
- Íþróttahús Lindaskóla- löglegan keppnisvöll. Húsið er núna of lítið, stækka eða byggja nýtt sem fyrst
- Tímstundir, t.d. tónlist, myndlist og íþróttir sem mest tengdar skóla
- Íþróttastaða til keppnisíþróttar og skipulega íþróttastarfsemi er frábær hér í bæ
- Tímstundatilboð fyrir ALLA íbúa
- Meiri samfellu í tímstundastarfi, íþróttastarfi barna – tónlist/íþróttir/leikskóli/grunnskóli

Leikskólar

- Ákveðið úrræðaleysi er í leikskólum þegar þarf að taka á málum í heild. Ekki alltaf nægjanlega fagleg vinna. Samskipti starfsmanna við börn þurfa að vera faglegri.
- Leikskólar bjóði íbúum oftast í heimsókn án sérstakrar dagskrár

Grunnskólar

- Góðir skólar sem hafa veitt góða þjónustu til barna.
- Tengsl á milli skólastiga hefur tekist vel. Skólarnir mættu vera meira opnir fyrir almenning sem á að geta komið í heimsókn án sérstakrar dagskrár. Mikilvægt að auka tengslin við almenning. Koma þarf því til skila til almennings að allir séu velkomnir í heimsókn í skólana.
- Vantar sértækari úrræði í skólum. Meiri/betri festu í skólastarfinu. Það þarf að snúa við þeirri þróun að alltaf sé verið að skipta um starfsfólk eins og í Smáraskóla.
- Ferðalög/göngu og hjólaferðir fyrir unglunga í Smáraskóla hefur verið frábært framtak Viðurkenning á því að skólinn er ekki og á ekki að vera bara bækur og bóknám. Mikil synd að slíkt þurfi að aflegga.
- Skólar skipta miklu máli. Tengja þarf betur saman tímstundir og grunnskólann. Húsnæði í grunnskólunum mætti nýta mun betur að skóladegi loknum. Tímstundaúrræði fyrir börn þurfa að vera sem næst bústað barna.
- Tungumálakennsla í skólum á að byrja sem fyrst, því fyrr því betra. Sama gildir um tölvukennslu.
- Eineltismál eru oft leyst með þukri, engin veit af því sem verið er að gera. Það þarf að gera málin opinber og leysa á staðnum. Skólastjórnendur þurfa að vera vakandi varðandi þetta. Mál oft leyst með flutningi milli skóla.

- Einelti taka á því heilstætt, ræða við börn á sal um vandann
- Samfella er nauðsynleg milli allra skólastiga. Líka upp í framhaldsskóla. Tengja þarf skólanna líka við annað æskulýðsstarf í bænum.
- Gott þegar nemendur geta flýtt fyrir sér með því taka áfanga í framhaldsskólanum.
- Gæta þess að fjölga ekki um of í bekkjum í grunnskólum
- Mikilvægt að hefja erlenda tungumálakennslu í 1. Bekk
- Leiðbeiningar til foreldra um hvert á að snúa sér ef vantar aðstoð gagnvart samskiptum við skólana
- Góðir skólar í Kópavogi

Framhaldsskólar

- Það vantar nýjan framhaldsskóla ekki endilega tengdan íþróttum. Gæti verið almennur framhaldsskóli með fjölbreyttu vali. Gæti líka verið með áherslu á tónlist eða listir almennt. Gæti einnig verið útibú frá MK. Framhaldsskólinn þarf að bjóða upp á fyrsta flokks kennslu þannig að hann sé eftirsóknarverður og góður undirbúningur fyrir háskólanám.
- Það skilar sér að leggja áherslu á menntun.
- Nýjan framhaldsskóla í Kórinn
- Framhaldsskóli með tengingu við tónlist og listir

Menningarmál

- Það þarf bókasafn fyrir efri byggðir. Bókasöfn sem eru í skólunum þurfa líka að vera aðgengileg fyrir allan almenning. Nýta má þau betur. Lindaskólasafnið er of lítið.
- Leikfélag Kópavogs má kynna betur og staðsetninguna líka. Fáir vita hvar starfsemin fer fram.
- Molinn er að virka vel sem unglíngamiðstöð fyrir ákveðinn hóp unglínginga í næsta nágrenni. Tengslin eru kannski mest við MK í dag.
- Salurinn, tónlistarhús er góður og nýtist vel hér í Kópavogi.
- Halda bókasafninu á sínum stað (Lindaskóla), auka nýtingu innan skóla.
- Sterkt og gott bókasafn í efri byggð Kópavogs sem fyrst
- Nýjan miðbæ

Félagsmál

- Aldraðir í Kópavogi hafa mikið að gera, mikil virkni hjá þeim. Vel að þessum málaflokki staðið. Lionsklúbbur hefur sinnt þessum hópi vel í gegnum árin.
- Mikilvægt að aldraðir fái þjónustu heim, þannig að fólk geti sem lengst verið heima og geti þannig séð að mestu um sig. Ekki ásættanlegt að fólk sem er með erfiða sjúkdóma fái ekki þjónustu eins og kom fram í Kastljósi um konuna með MND. Bærinn þarf að tryggja að slíkt gerist ekki.
- Standa vörð um velferðarþjónustuna, Hugsa vel um fatlaða og aldraða
- Áhersla á að sinna öldruðum heima

Stjórnsýslan

- Bæta þarf siðferði og ímynd bæjarins, sem borið hefur hnekki undanfarið. Gert er grín að Kópavogi sem spilltum bæ. Mikilvægt að endurvekja góða ímynd bæjarins.
- Bæjaryfirvöld þurfa að hlusta á fólkið sem reynir að koma hagsmunamálum sínum á framfæri. Fólk þarf að losna undan því að verða sett í einhverja pólitíska flokkadrætti vegna þess að það kemur fram með skoðanir á málefnum bæjarins.
- Vantar leiðbeiningar hjá bænum hvert fólk á að snúa sér þegar það upplifir að þjónustukerfin eru ekki að virka.

- Heimasíða bæjarins er góð. Samt þarf góðan þjónustusíma fyrir þá sem ekki geta nýtt sér heimasíðu og netið. Mentor kerfið í skólum er líka til fyrirmyndar. Þörf gæti verið á upplýsingaveitu á þjónustumiðstöðum fyrir aldraða þar sem hluti þeirra er ekki að nýta sér netið.

Kirkjur og trúfélög

- Jákvætt að hafa kirkjugarð í Kópavogi. Mætti gróðursetja meira í hann, þannig að meira skjól myndist.
- Öflugt og gott starf unnið í Digraneskirkju.
- Kirkjan í Lindahverfi hefur sinnt börnum vel t.d. á frídögum í skólum.